

9. gr.

146

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð um skömmtun á hjólbörðum og slöngum til bifreiða frá 10. marz 1943. 19. júní

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

147

23. júní

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað,
nr. 148 28. ágúst 1940.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á rafmagni til almenningsnota í Siglufjarðarkaupstað er sem hér segir:

Til ljósa 100 aur. fyrir kwst.

Til suðu 30 aur. fyrir kwst.

Til orku 50 aur. fyrir kwst.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1943.

Björn Þórðarson.

Vígfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

148

23. júní

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskila hefur sýslunefnd á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmd þeirra, hver á sínu fjallskilasvæði.

2. gr.

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði. Þó skal land Raknaldals í Rauðasandshreppi tilheyra Patreksfjallskilasvæði.

Í Patreksfjallskilasvæði skal 5 manna nefnd, kosin af hreppsnefndunum, hafa stjórn fjallskilamála á hendi og skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa einn þeirra.

3. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilaneftnd á Patreksfjallskilasvæði) geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði. Þó má